

## Barnalífeyrir vegna náms eða starfsþjálfunar

### Rétt til barnalífeyris vegna náms- eða starfsþjálfunar geta þeir átt sem:

- Eru á aldrinum 18-20 ára og eru í námi / starfsþjálfun og búa á Íslandi.
- Ef annað foreldri eða báðir eru lífeyrisþegar.
- Ef annað foreldri eða báðir eru látnir.

- Afgreiðslutími umsókna er 6-8 vikur eftir að umsókn og öllum fylgigögnum hefur verið skilað inn.
- Ef réttur er til greiðslna er ákvarðað frá 1. næsta mánaðar eftir að umsókn er skilað inn.
- Skila þarf skólavottorði í janúar / ágúst til að réttur til greiðslna haldist samfelldur. Berist ekki gilt skólavottorð í janúar/ágúst er ákvarðað frá 1. næsta mánaðar eftir að gilt skólavottorð berst.

### Hvernig er sótt um barnalífeyri vegna náms eða starfsþjálfunar?

Ungmenni sækir um á eyðublaðinu „[Umsókn um framlag vegna náms og barnalífeyrir vegna náms](#)“ sem hægt er að nálgast á tr.is eða í þjónustumiðstöð Tryggingastofnunar, Laugavegi 114 og umboðum hennar um land allt.

### Hvaða gögnum þarf að skila inn?

- Í fyrsta sinn: Umsókn og staðfesting á skólavist. Fjölbautaskóli: Upplýsingar um einingafjölda þurfa að koma fram. Skóli með bekkjakerfi: Staðfesting á skólavist þarf að koma fram.
- Vegna framlengingar: Skila þarf inn staðfestingu um námsframvindu síðustu annar og skólavist á komandi önn. Ekki þarf að skila inn nýrri umsókn.
- Hægt er að sækja um undanþágu frá fullu námi ef nemandi getur ekki stundað fullt nám. Staðfesting frá námsráðgjafa þarf að fylgja með.
- Hafi sýslumaður hafnað úrskurði um meðlag vegna efnaleysis eða ef ekki hefur tekist að hafa upp á foreldri er sá úrskurður einnig sendur með umsókn.

### Hvernig er gögnum skilað? Tekið er á móti gögnum eftir þessum leiðum:

- Útfyllt og undirrituð umsókn ásamt skólavottorði skilað í þjónustumiðstöð eða umboð.
- Útfyllt umsókn ásamt skólavottorði sent sem viðhengi í gegnum Mínar síður á tr.is, undir fyrirspurnir og ábendingar.
- Skólar geta sent skólavottorð á netfangið fjolskyldumal @tr.is

[Nánari upplýsingar og umsóknareyðublað á tr.is](#)

### Þjónustuleiðir

Ráðgjafar Tryggingastofnunar um allt land eru reiðubúnir til aðstoðar.

- Símar 560-4460 eða 800-6044
- Netsamtal við ráðgjafa á tr.is
- Tölvupóstur á [tr@tr.is](mailto:tr@tr.is)

- Þjónustumiðstöð Tryggingastofnunar Laugaveg 114 er opin frá kl. 8:30-15:30
- Umboð Tryggingastofnunar eru opin um allt land á skrifstofutíma.